

Stjórn Úrvinnslusjóðs

370. stjórnarfundur, miðvikudaginn 30. apríl kl. 8:30 – 11:00

Teams

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

A. Til kynningar

B. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu

1. Tillögur að breytingum á lögum nr. 162/2002
2. Tillögur að breytingum á fjárhæð úrvinnslugjalda

(kaffihlé 5 mín.)

3. Ársreikningur 2024 (mál 2025-22-04-1096)
4. Erindi frá Sorpu um endurgreiðslu kostnaðar vegna drykkjarferna - Lögfræðialit (mál 2025-06-03-1049)
5. Erindi frá Glerun (mál 2025-02-04-1074)

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Birta Sif Arnardóttir (BSA),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ) í fjarveru Jóns Viggós Gunnarssonar,
Kristinn Már Reynisson (KMR),
Líf Magneudóttir (LM).

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Edda Andrésdóttir, samskiptastjóri (EA) ritaði fundargerð
Daníel Gunnarsson, rekstrarstjóri (DG)
Gunnlaug H. Einarsdóttir, sérfræðingur (GHE)

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Stjórn samþykkti tillögu KMM um að fresta umfjöllun um ársreikning til næsta fundar.
- Stjórn samþykkti beiðni LM um að fresta umræður og ákvörðun um 4. dagskrármál til næsta fundar, sbr. lið 8.4 í starfsreglum stjórnar.
- Stjórn ákvað að synja ósk Glerunar um styrkveitingu þar sem lagaheimild skortir til úthlutunar styrkja til þróunarverkefna, auk þess sem hráefni sem úrvinnsla lýtur að er aðeins að litlum hluta í framlengdri framleiðendaábyrgð.

Verkefni fyrir skrifstofu Úrvinnslusjóðs:

- Vinna áfram tillögur að lagabreytingum í samræmi við umræður fundarins.
- Vinna áfram tillögur að breytingu á úrvinnslugjöldum í samræmi við umræður fundarins.

DAGSKRÁ

KMM leggur til frestun á lið 3 og að boðaður verði sérstakur fundur til að fjalla um ársreikninginn. Samþykkt.

A. Til kynningar

B. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu

1. Tillögur að breytingum á lögum nr. 162/2002

GE og DG taka sæti á fundinum og fara yfir tillögur í skjali F370 D01.

Umræður um hvern lið fyrir sig og spurningar.

KMM leggur til að skrifstofu sjóðsins verði falið að vinna hvern lið um sig áfram og leggja fyrir næsta stjórnarfund. Samþykkt.

(Kaffihlé, 5 mín.)

2. Tillögur að breytingum á fjárhæð úrvinnslugjalda

GE og DG kynna efni skjals F370 D02 og forsendur tillagna. Lögð er til hækkun úrvinnslugjalda á fjóra vöruflokka: Umbúðir úr pappír og pappa, olíuvörur, halógeneruð leysiefni og kvikasilfur. Að svo stöddu eru ekki lagðar til fjárhæðir hækkunar en áætlað að það verði gert á stjórnarfund í júní, samþykki stjórn áframhaldandi vinnslu. Margir óvissuþættir eru varðandi stærsta flokkinn, umbúðir.

Umræður og spurningar um tillögurnar og forsendur þeirra.

KMM leggur til að skrifstofa sjóðsins haldi áfram með útfærslu tillagnanna í samræmi við umræður á fundinum. Samþykkt.

GE og DG víkja af fundi kl. 10:30.

3. Ársreikningur 2024 (mál 2025-22-04-1096) – Frestað

4. Erindi frá Sorpu um endurgreiðslu kostnaðar vegna drykkjarferna - Lögfræðiálit (mál 2025-06-03-1049)

SBJ fer yfir niðurstöðu minnisblaðs MAGMA lögmanna.

LM óskar eftir frestun málsins. Samþykkt að fresta umræðum og ákvörðunum til næsta fundar, sbr. lið 8.4. í starfsreglum stjórnar.

5. Erindi frá Glerun (mál 2025-02-04-1074)

SBJ kynnir erindi sem Úrvinnslusjóði barst frá Glerun í tengslum við tilraunaverkefni um endurvinnslu á gleri. Umræður. Fyrir liggur að aðeins lítill hluti þess glers sem verkefnið snýr að er í framlengdri framleiðendaábyrgð. Stjórn hefur sett reglur um styrkveitingar til fræðslumála en Úrvinnslusjóður hefur ekki skýra lagaheimild til að veita styrki til þróunarverkefna. KMM leggur til að með tilliti til þessa verði beiðninni hafnað en umsækjendum jafnframt óskað velfarnaðar í verkefninu. Samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:00.

Næsti fundur verður haldinn 5. júní nk. kl. 9:00 og er staðfundur.